

## Sex mánaða uppgjör Landsvirkjunar

### Góð afkoma í fullnýttu raforkukerfi

#### Helstu atriði árshlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 196 milljónum USD (26,8 mö.kr.), en var 154,3 milljónir USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 27,0% þrátt fyrir mjög góða afkomu á síðasta ári.<sup>1</sup>
- Hagnaður tímabilsins var 114 milljónir USD (15,6 ma.kr.), en var 137,5 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Á síðasta ári skilaði hagnaður Landsnets hluta af niðurstöðu ársins.
- Rekstrartekjur námu 331,8 milljónum USD (45,5 ma.kr.) og hækka um 36,8 milljónir USD (12,5%) frá sama tímabili á árinu áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 182,4 milljónir USD (25 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok júní 665,7 milljónir USD (91,2 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 248,8 milljónum USD (34,1 ma.kr.), sem er 29,7% hækkun frá sama tímabili árið áður.
- Á öðrum ársfjórðungi var 125 milljóna USD lánalína endurfjármögnuð til þriggja ára. Kjör lánalínunnar eru hagstæð, eða 45 punktar yfir SOFR millibankavöxtum.
- Matsfyrirtækið S&P Global Ratings breytti horfum á lánshæfi Landsvirkjunar úr stöðugum í jákvæðar og staðfesti BBB+ lánshæfiseinkunn fyrirtækisins.
- Landsvirkjun gerir ekki samstæðuárshlutareikning með dótturfélögum sínum Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjun Power ehf., þar sem áhrif þeirra eru talin vera óveruleg. Þess í stað eru reikningsskilin gerð í samræmi við staðalinn IAS 27, Aðgreind reikningsskil.

#### Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstur Landsvirkjunar gengur áfram vel. Hagnaður af grunnrekstri jókst um 27% frá sama tímabili ársins 2022, sem þó var metár í sögu fyrirtækisins. Rekstrartekjur jukust um 12,5% frá fyrri helmingi ársins 2022. Munar þar mestu um tekjur vegna innleystra áhættuvarna, auk þess sem raforkusala var áfram mikil, en á móti kemur verðlækkun á þeim mörkuðum sem raforkuverð til stórnotenda er að hluta til tengt við. Á sama tíma lækkaði rekstrar- og viðhaldskostnaður um 6% frá fyrra ári.

Fjármunamyndun var sterk á tímabilinu, en handbært fé frá rekstri jókst um 29,7% og nam 34 milljörðum króna.

Rekstur aflstöðva gekk vel á fyrri helmingi ársins, en á fyrsta fjórðungi þurfti þó að takmarka afhendingu á skerðanlegri orku til gagnavera og fiskmjölsframleiðenda, þar sem raforkukerfið er nú rekið nærri hámarks afkastagetu.


Eins og við hjá Landsvirkjun höfum ítrekað bent á síðustu ár og misseri ríður á að byggja upp frekari raforkuvinnslu til að uppfylla þá augljósu orkubörf sem er í samfélaginu vegna orkuskipta og almenns vaxtar í atvinnulífinu. Landsvirkjun vinnur nú hörðum höndum að því

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 137

að afla tilskilinna leyfa svo fyrirtækinu sé unnt að mæta þessum sjálfsögðu kröfum samfélags og stefnu stjórnvalda.“


## Rekstur

### Rekstrartekjur




Rekstrartekjur námu 332 m. USD á fyrri helmingi árs, sem er 12% hækkun frá sama tímabili árið áður. Tekjur af raforkusölu lækka milli ára vegna lækkandi ál og Nord Pool verðs. Á móti kemur hækkun vegna innleystra áhættuvarnar sem leiðir af sér að rekstrartekjur alls hækka milli ára. Raforkusala er áfram mjög sterk, enda er raforkukerfið fullselt.

### EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisrýrnun, EBITDA, nam 255 m. USD og eykst um 20% á milli ára.

## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 196 m. USD og endurspeglar sterkar tekjur.


## Áhrifabættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði




## Skuldir lækka enn

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var sterk á tímabilinu og nam 249 m. USD, sem er 57 m. USD hærra en á sama tímabili í fyrra. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé) hafa lækkað um 182 m. USD frá áramótum og um 274 m. USD frá sama tíma í fyrra.

## Nettó skuldir og eiginfjárlutfall



Handbært fé nam 158 m. USD í lok júní 2023 og hefur hækkað um 7 m. USD frá áramótum.



## Horfur í rekstri

Eftirspurn eftir raforku heldur áfram að vera það mikil að raforkukerfið er fullselt. Unnið er að því að afla tilskilinna leyfa fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu. Þessi mikla eftirspurn hefur vissulega jákvæð áhrif á horfur í rekstri, en afkoma mun einnig halda áfram að litast af verðþróun á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum.

Reykjavík, 28. ágúst 2023

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni  
s. 515 9000

## Um árshlutareikninginn

Árshlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## Helstu stærðir árshlutareiknings í þúsundum bandaríkjadala:

	2023	2022	2021	2020	2019
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	296.492	348.621	240.272	190.310	221.243
Innleystar áhættuvarnir .....	35.260	( 53.666)	( 15.020)	3.819	4.195
<b>Rekstrartekjur samtals</b> .....	<b>331.752</b>	<b>294.955</b>	<b>225.252</b>	<b>194.129</b>	<b>225.438</b>
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 76.769)	( 81.641)	( 73.905)	( 64.233)	( 72.282)
<b>EBITDA</b> .....	<b>254.983</b>	<b>213.314</b>	<b>151.347</b>	<b>129.896</b>	<b>153.156</b>
Afskriftir og virðisrýrnun .....	( 53.036)	( 54.327)	( 53.610)	( 48.938)	( 52.320)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....	<b>201.947</b>	<b>158.987</b>	<b>97.737</b>	<b>80.958</b>	<b>100.836</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 6.435)	( 18.069)	( 20.054)	( 23.909)	( 27.135)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага .....	456	13.426	10.755	10.860	13.113
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði</b> .....	<b>195.968</b>	<b>154.344</b>	<b>88.438</b>	<b>67.909</b>	<b>86.814</b>
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	( 40.130)	49.799	21.400	( 19.626)	765
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	37.089	( 4.878)	( 38.871)	( 29)	( 3.431)
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	( 8.344)	11.576	1.663	4.976	5.783
	( 11.385)	56.497	( 15.808)	( 14.679)	3.117
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	<b>184.583</b>	<b>210.841</b>	<b>72.630</b>	<b>53.230</b>	<b>89.931</b>
Tekjuskattur .....	( 70.611)	( 73.378)	( 23.552)	( 15.640)	( 28.554)
<b>Hagnaður</b> .....	<b>113.972</b>	<b>137.463</b>	<b>49.078</b>	<b>37.590</b>	<b>61.377</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>30.6.2023</b>	<b>30.6.2022</b>	<b>30.6.2021</b>	<b>30.6.2020</b>	<b>30.6.2019</b>
Eignir samtals .....	3.751.978	3.793.095	3.786.279	3.710.018	3.833.898
Eigið fé samtals .....	2.270.014	2.230.022	2.101.190	2.073.203	2.067.745
Skuldir samtals .....	1.481.964	1.563.073	1.685.089	1.636.815	1.766.153
Nettó skuldir .....	665.726	939.370	1.199.676	1.298.412	1.511.760
<b>Lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	248.784	191.800	125.114	102.842	121.533
Fjárfestingar .....	4.718	6.696	( 2.360)	64.023	( 8.596)
Fjármögnun .....	( 248.930)	( 138.308)	( 38.900)	( 182.037)	( 156.926)
Lausafé alls .....	282.726	275.315	294.324	205.051	320.598
Eiginfjárhlutfall .....	60,5%	58,8%	55,5%	55,9%	53,9%
Arðsemi eiginfjár .....	6,2%	10,7%	3,9%	3,9%	6,1%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld) .....	21,74x	10,36x	6,46x	5,53x	5,63x
Nettó skuldir / EBITDA .....	1,34x	2,38x	4,46x	4,75x	5,08x

## Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.